

Notendareglur sem gilda um vefaðgang að myndum hjá Íslenskri Myndgreiningu ehf.

1. Notendur geta í kerfinu aflað sér upplýsinga um eigin sjúklinga og hugsanlega sjúklinga sem eru þeim óviðkomandi. Notendur eru minntir á ákvæði laga um réttindi sjúklinga 1997 nr. 74 28.
2. Hver notandi fær eigið notendanafn og aðgangsorð og eru það einkaupplýsingar sem óheimilt er að deild með öðrum. Öll skráning á notkun er heimfærð á notendanafn. Mikilvægt er að hafa strax sambandið við kerfisstjóra Íslenskrar Myndgreiningar ef menn telja að óviðkomandi hafi komist yfir aðgangsupplýsingar að kerfinu.
3. Ætlast er til að þeir sem ekki þurfa lengur á aðgang að kerfinu tilkynni það kerfisstjóra Íslenskrar Myndgreiningar, þannig að hægt sé að afskrá þá.
4. Notendur eiga að skrá sig út úr kerfinu að lokinni notkun í hvert skipti.
5. Aðgangsorð skulu vera a.m.k. 6 stafa löng með bókstöfum og tölum. Gerður er munur á há- og lágstöfum. Íslensk Myndgreining áskilur sér rétt til að breyta aðgangsorðum af öryggisástæðum. Í slíkum tilfellum fá notendur sendar viðeigandi upplýsingar.
6. Um gögn sem prentuð eru út úr kerfinu gilda reglur um sjúkraskrár. Brot gegn þessum skilmálum kunna að vera refsiverð og mun Íslensk Myndgreining kæra þau til viðkomandi yfirvalda. Misnotkun á kerfinu og gögnum þaðan er ekki á ábyrgð Íslenskrar Myndgreiningar.

Um kerfið:

1. Vefkerfið VueMotion frá Caresteram gefur læknum og öðrum meðferðaraðilum aðgang að myndgreiningarránsóknum og rannsóknarsvörum Röntgendeildar Orkuhússins í vefviðmóti.
2. Þeir sem óska eftir aðgangi að kerfinu velja sér notendanafn hér að neðan og fá sent tímabundið lykilorð sem þarf að breyta við fyrstu innritun.
3. Kerfisstjóri tekur við beiðnum um aðgang í síma 5200170 og í netfanginu rontgen@rontgen.is.
4. Til að nota kerfið þarf einungis nettengingu og vafra. Kerfið virkar í hvaða nýlega vafra sem er en mælt er með Chrome vafrafrum frá Google. Athugið að lokað er fyrir aðgang frá erlendum IP-tölum.
5. Ef lykilorð gleymist er hægt að fá nýju lykilorði úthlutað hjá kerfisstjóra í síma 5200170.

Öryggismál:

Notendur fá aðgangsorð og dulkóða sem er einstaklingsbundinn. Öll notkun kerfisins er skráð m.t.t. tíma, hvað var gert og hvaða myndir voru sóttar. Þessar skráningar eru geymdar í kerfinu og af þeim er tekið öryggisafrit. Þessar upplýsingar verða skráðar og geymdar svo lengi sem kerfið verður notað.

Undirritaður heitir því að fara að settum reglum:

Nafn:

Læknanúmer (ef við á):

Staðsetning:

Notendanafn:

Netfang:

Sími: